

HEMM3ST05

Búið til: Fri, 24 Feb 2023 09:35:11 GMT

Titill

Heimsmarkmiðin og skapandi túlkun

Skammstöfun

HEMM3ST05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Heimsmarkmið

Viðfangsefni

Skapandi túlkun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og undirmarkmið þeirra. Nemendur vinna fjölbreytt skapandi verkefni um markmiðin og leitast við að túlka þau í gegnum listgreinarnar fjórar, myndlist, ljósmyndun, tónlist og ritlist. Nemendur kynnst þannig innihaldi heimsmarkmiðanna og leitast við að finna lausnir á þeim.

Forkröfur

10 e. á 2. þrepi í listgreinum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- merkingu heimsmarkmiðanna
- tengslum milli umhverfis, hegðunar neytenda og mannréttinda
- fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lífnaðarhátta
- að sköpun er hægt að vinna í hvaða miðli sem er
- endurnýtingu í listsköpun
- konsept-hugsun
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum sinnar skapandi hugsunar
- skapandi hugsun og hugflæði
- hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í sköpun
- að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja heimsmarkmið við umhverfisvernd og hnattrænt jafnræði
- útskýra og beita hugtakinu sjálfbærni
- ræða og rökstyðja hvernig mannréttindi, hagkerfi og umhverfisvernd tengjast sjálfbærni
- beita skapandi hugsun
- sjá möguleika skapandi hugsunar í mismunandi miðlum
- tjá sig um eigin sköpun

- beita mismunandi miðlunarleiðum í sköpun sinni
- nýta sér hugarflæði í hugmyndavinnu
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á áhrifum hvers einstaklings sem neytanda á umhverfi og samfélög
- taka þátt í nýsköpun sem leiðir til sjálfbærni
- minnka umhverfisáhrif sín með því að draga úr sóun og endurnýta eða endurvinna það sem hægt er á skapandi og nýstárlegan hátt
- ræða og túlka á gagnrýninn hátt upplýsingar sem tengjast heimsmarkmiðunum
- vera virkur og ábyrgur þátttakandi í umræðu um umhverfismál og mannréttindi
- vera skapandi í hugsun
- vera meðvitaður um sjálfbæra þróun og endurnýtingu í listsköpun
- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar
- fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara
- skapa eigin verk byggt á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara
- tjá sig hiklaust um eigin sköpun við aðra viðmælendur
- skilgreina eigin verk og hugmyndir
- taka þátt í sýningu þar sem nemandinn miðlar verkum sínum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd